



## Fjölþjóðlegur fundur

Í kjölfarið á COMP+ þjálfun fyrir kennara sem fram fór í Kaupmannahöfn, notuðu þátttakendur tækifærið til að ræða nýja innsýn og jákvæð viðbrögð á fundi í höfuðstöðvum Virsabi.

Á þessum grundvelli voru næstu skref ákveðin varðandi kennslu- og sýndarveruleikaefnið.

Fundurinn í Kaupmannahöfn var upphafið að síðasta hluta verkefnisins: prufukeysrslu á fjórum vinnustofum, undirbúningur síðasta fundar hópsins á Kýpur (Mars 2023) og kynningar á verkefninu til annarra aðila í hverju landi.

## LTTA

Þjálfun kennara fór fram í Kaupmannahöfn í október 2022.

Þjálfunin fólst fyrst og fremst í notkun sýndarveruleikans og á rafræna kennsluefni Competence+.

Kennarar lærðu um rafræna kennsluefnið sem finna má hér: [www.competencepluselearning.eu](http://www.competencepluselearning.eu)



Allir þátttakendur prófuðu sýndarveruleikann og lærðu hvernig nota skal sýndarveruleikagleraugun Oculus Quest 2. Þá lærðu kennararnir hvernig á að umgangast gleraugun í fyrstu kennslustundinni, öryggisreglur og kennslufræðilega nálgun þegar nota skal sýndarveruleika.

Þátttakendur COMPETENCE + hittast reglulega á netinu til að framfylgja verkefningu og skipuleggja næstu skref.

Fylgstu með og heimsóttu vefsíðuna - [www.competenceplusproject.eu](http://www.competenceplusproject.eu)

